

Nd.

126. Frumvarp til laga

[112. mál]

um skráningu lífeyrisréttinda.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980.)

1. gr.

Skrá skal í eina heildarskrá lífeyrisréttindi allra landsmanna eins og nánar er mælt fyrir í lögum þessum. Skal skráningin framkvæmd af fjármálaráðuneytinu.

2. gr.

Skrásetja skal, að því er hvern mann varðar, iðgjaldagreiðslur hans, þann lífeyrissjóð eða þá sjóði sem greitt hefur verið til og þau réttindi sem hver maður á samkvæmt reglum þess sjóðs er hann á aðild að.

3. gr.

Skráningin skal byggð á upplýsingum lífeyrissjóða. Skulu allir lífeyrissjóðir, sem starfa samkvæmt lögum eða viðurkenndir eru af fjármálaráðuneytinu, afhenda lífeyrisskránni skýrslur með öllum nauðsynlegum upplýsingum til skráningar lífeyrisréttinda og iðgjaldagreiðslna. Skulu skýrslur þessar afhentar ókeypis og í því formi og á þeim tíma sem skráin ákveður.

4. gr.

Atvinnurekendum, sem hafa í þjónustu sinni iðgjaldsskylda menn, er skylt að láta lífeyrisskránni í té upplýsingar sem varðað geta lífeyrisréttindi eða iðgjaldagreiðslur starfsmanna, í því formi sem óskað er. Á sama hátt er öllum einstaklingum, sem skyldir eru til greiðslu iðgjalda, skylt að veita skránni umbeðnar upplýsingar. Þá er skattfyrirvöldum skylt að veita skránni upplýsingar úr skattframtölum eða öðrum skattgögnum er varðað geta skráningu lífeyrisréttinda og ákvörðun eða greiðslu iðgjalda.

5. gr.

Lífeyrisskráin skal veita einstaklingum og atvinnurekendum upplýsingar um til hvaða lífeyrissjóðs iðgjöld skuli greiða fyrir hvern mann eða um hvaða sjóði er að velja eigi það við. Úrskurður um ágreiningsmál um sjóðsaðild fer skv. 2. gr. laga um starfskjör launþega og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.

6. gr.

Lífeyrisskráin skal veita upplýsingar um greiðslur iðgjalda og lífeyrisréttindi. Þá skal skráin gefa út árlega yfirlit um lífeyrisréttindi og iðgjaldagreiðslur landsmanna.

7. gr.

Lífeyrisskráin skal eftir því sem kostur er fylgjast með því að ákvæðum laga um starfskjör launþega og skyldutryggingu lífeyrisréttinda sé framfylgt að því er varðar greiðslu iðgjalda.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.*

Frumvarp samhljóða þessu var lagt fyrir seinasta löggjafarþing en varð ekki útrætt. Er frumvarpið því endurflutt nú.

Lífeyrissjóðir, viðurkenndir af fjármálaráðuneytinu eða lögbundnir, eru nú 95 talsins. Engin heildarskrá er til í landinu um hverjir eiga aðild að sjóðum þessum og því síður er til heildarskrá um réttindi aðila í þeim.

Fjármálaráðuneytið hefur að undanförunni unnið að því að safna saman efni í skrá um lífeyrisréttindi landsmanna. Þýðingarmesta framlagið til slíkrar skrár til þessa hefur komið frá Sambandi almennra lífeyrissjóða en SAL hefur gert samnafnaskrá fyrir alla sjóði innan sambandsins. Biðreiðingur lífeyrissjóðsiðgjalda hefur og tengst þeirri skrá í samræmi við sérstakt samkomulag er gert var við SAL.

Samnafnaskrá SAL hefur að geyma 97 þús. nöfn. Sérstaka athygli vekur að á skránni eru nöfn manna er greitt hafa til allt að 7 lífeyrissjóða. Algengt er að einn og sami maður eigi aðild að tveimur til þremur sjóðum. Þegar þess er gætt að margir og mjög stórir lífeyrissjóðir eiga ekki aðild að SAL er augljóst mál að aðild einstaklinga að mörgum sjóðum er mun flóknara viðfangsefni en fram kemur í samnafnaskrá SAL.

Það hefur iðulega komið í ljós við umsóknir um lífeyri eða lán úr lífeyrissjóðunum að umsækjendum er ókunnugt um réttindi sín í öðrum sjóðum en þeim, er þeir eru aðilar að þá stundina.

Frumvarp um skráningu lífeyrisréttinda er flutt til að tryggja með lögum greiðan aðgang almennings að upplýsingum um lífeyrissjóðaáðild og til að afla vitneskju um umfang þess tryggingakerfis sem lífeyrissjóðirnir mynda í landinu. Framkvæmd laga um starfskjör launþega og skyldutryggingu lífeyrisréttinda byggist og á því að unnt sé að kanna hvort iðgjöld hafi verið greidd svo sem samningar og lög segja til um.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

**Um 1. gr.**

Heildarskrá lífeyrisréttinda mun byggjast á upplýsingum er einstakir lífeyrisjóðir láta í té. Að gerð slíkrar skrár hefur verið unnið að undanförunni í fjármálaráðuneytinu. Samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 96/1969 um Stjórnarráð Íslands fer fjármálaráðuneytið með mál er varða lífeyrissjóði.

**Um 2. gr.**

Gert er ráð fyrir að réttindaskráin beri með sér til hvaða sjóðs hver og einn launþegi hefur greitt. Slík skráning ætti að auðvelda mönnum að flytja réttindi sín í einn sjóð eða ýta undir samninga milli sjóða um að réttindi nýttust þótt flutningur iðgjalda ætti sér ekki stað.

**Um 3. gr.**

Skráning lífeyrisréttinda byggist eins og áður er sagt á upplýsingum frá einstökum lífeyrissjóðum. Nauðsynlegt er að lífeyrissjóðirnir vandi til skráningar iðgjalda sem greidd eru vegna hvers manns svo og skráningar réttinda er iðgjöldin veita. Flestir lífeyrissjóðanna vanda nú til fjárhags- og réttindabókhalds en ástæða er þó til að efla eftirlit með bókhaldi einstakra sjóða.

**Um 4. gr.**

Greinin fjallar um skyldu atvinnurekenda og þeirra einstaklinga, sem iðgjald eiga að greiða, til að veita lífeyrisskránni upplýsingar um iðgjaldaskil. Í samvinnu við þessa aðila svo og skattfirvöld verður reynt að bæta við þær upplýsingar er frá lífeyrissjóðunum koma. Jafnframt mun lífeyrisskráin þá fær um að koma boðum til lífeyrissjóða verði þess vart að iðgjaldaskil hafi eigi farið fram.

Um 5. gr.

Í flestum tilvikum liggur ljóst fyrir til hvaða lífeyrissjóðs iðgjöld skuli greiða. Við samþykkt ákvæða um skyldutryggingu lífeyrisréttinda eru á því líkur að ýmsir einstaklingar er sjálfstæðan atvinnurekstur stunda geti átt nokkurra kosta vól um sjóðsaðild. Ágreiningsmál um sjóðsaðild hafa frá 1974 verið úrlausnarefni fjármálaráðuneytisins.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 7. gr.

Í greininni segir að lífeyrisskráin skuli eftir því sem kostur er fylgjast með því að ákvæðum laga um skyldu til greiðslu iðgjalda sé framfylgt. Iðgjöld til lífeyrissjóða eru greidd af mjög mismunandi stofni. Algengasti stofn iðgjalda er dagvinnulaun. Til sumra sjóða er einnig greitt af vaktavinnuálagi en til annarra ekki. Kaupviðmiðun er tíðkuð um iðgjöld bátasjómannna. Þá þekkist að iðgjöld séu greidd af öllum launum eða launum upp að ákveðnu þaki. Loks eru dæmi um að iðgjöld séu ekki greidd þótt lífeyrisréttur ávinnist, t.d. hjá opinberum starfsmönnum er lokið hafa 32 ára skyldu til greiðslu iðgjalda. Ljóst er að meðan grundvöllur iðgjalda er ekki sá sami hjá öllum lífeyrissjóðum verður allt eftirlit með iðgjaldaskilum erfitt í framkvæmd.